

GJALDSKRÁ

Rafveitu Selfoss.

I Raforka.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing o. fl.

- 1.1. Til almennrar lýsingar, svo og til götulýsingar.
Orkugjald kr. 36.60 KWh.
- 1.2. Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð.
Orkugjald — 45.75 kWh.

2. Heimili o. fl.

- 2.1. Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsvorndarstöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gísthúsum og hliðstæðum stofnunum.
Orkugjald — 27.45 kWh.

3. Vélar o. fl.

- 3.1. Til vélanotkunar.
Orkugjald — 36.60 KWh.
- 3.2. Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafli 20 kW. Gjaldskýlt afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili.
Orkugjald — 14.55 KWh.
Aflgjald kr. 27.306.00 KW á ári.

4. Hitun.

- 4.1. Til húshitunar, hitunar í vatnsgeymum, gufukötlum o. þ. h., roftími 1 klst. á dag.
Orkugjald kr. 14.55 KWh.
- 4.2. Til húshitunar, roftími $2 \times 1\frac{1}{2}$ klst á dag.
Orkugjald — 6.45 KWh.
- 4.3. Til húshitunar, roftími allt að 15 klst. að degi til.
Orkugjald — 3.90 KWh.
- 4.4. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími 11 klst. að degi til.
Orkugjald — 7.10 KWh.

Um framangreinda hitagjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1 800 klst. notkun á hvert KW. uppsetts afls hitunartækja.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveita leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

II Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 2 214.00
Orkumælir, þrífasa	— 5 562.00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 9 600.00
Aflmælir	— 9 000.00
Aflmælir með straumspennum	— 14 400.00

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, ennfremur klukkurofum, skal ársleiga vera sem næst 15% af verði tækjanna.

III Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur (A) málraun (KVA)	Heimtaugargjald kr.	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	127 270	4 170	47 080
63 A 3-fasa	137 680	4 170	58 300
100 A 3-fasa	163 760	4 690	74 580
200 A 3-fasa	260 950	6 320	
315 A 3-fasa	550 150	8 810	
300 KVA 3-fasa	770 200		
500 KVA 3-fasa	1 276 130		
800 KVA 3-fasa	2 042 730		
		Samkv. kostn.	

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunnar að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greitt sem hér segir:

63 A 1-fasa kr. 28 030

63 A 3-fasa kr. 37 980

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 100.00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. maí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 1. mars 1979.

Iðnaðarráðuneytið 11. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 339 22. september 1978.
með síðari breytingum.

Með tilvísun til 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest 15% hækkun á gildandi gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur nr. 339 22. september 1978, með síðari breytingum, frá og með 15. maí 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.